

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Vestmannaeyjabæ.

## 1. gr.

Gjaldskrá þessi er unnin og sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

## 2. gr.

Sérstök söfnun við heimili er flokkun með 4 tunnum sem grunnregla en möguleiki á tvískiptri tunnu samkvæmt neðangreindu:

<i>Sorpgjöld á heimili – breytilegt gjald</i>	<i>Árgjald</i>
240 l blandaður og lífrænn úrgangur, tvískipt	23.288 kr.
120 l blandaður úrgangur	21.218 kr.
240 l blandaður úrgangur	30.533 kr.
330 l blandaður úrgangur	42.435 kr.
660 l blandaður úrgangur	84.042 kr.
120 l lífrænn úrgangur	11.592 kr.
240 l lífrænn úrgangur	23.132 kr.
330 l lífrænn úrgangur	31.878 kr.
660 l lífrænn úrgangur	63.653 kr.
120 l pappi eða plast	10.764 kr.
240 l pappi eða plast	15.422 kr.
330 l pappi eða plast	21.218 kr.
660 l pappi eða plast	42.435 kr.
<i>Önnur gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs</i>	
Skrefagjald, meira en 15 metra frá söfnunarbíl (frá 1. apríl 2025)	50% álag pr. tunnu
Breytingakostnaður við ílát	4.140 kr.
Tunnugjald – nýtt ílát	Skv. gjaldskrá rekstraraðila
Tunnugjald – notað ílát	50% af verði nýrrar
Aukahirðing vegna óviðunandi flokkunar eða frágangs	6.728 kr.

Allar fjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

Tunnugjald og útheimtlugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða. Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst. Umsókn um nýjar tunnur þarf að fara í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

## 3. gr.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og móttökustöðvar úrgangs sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang. Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<i>Sameiginlegur kostnaður á fasteignir</i>	<i>Gjald</i>
Fasteign í a-lið	18.700 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 15-250 m <sup>2</sup>	22.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 251-500 m <sup>2</sup>	46.000 kr.

Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 501-1.000 m <sup>2</sup>	70.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 1.001-2.500 m <sup>2</sup>	105.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð > 2.501 m <sup>2</sup>	130.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfaraveði.

4. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins [www.vestmannaeyjar.is/sorp](http://www.vestmannaeyjar.is/sorp) eða í síma 488 2530.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja 22. janúar 2025, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 331/2024 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

*Vestmannaeyjum, 22. janúar 2025.*

**Brynjar Ólafsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2025